

ÁBYRGÐ Á NETINU - ÁBYRGÐARHRINGIR

Lykilspurning

Hvers konar ábyrgð eða skyldur hefur góður stafrænn borgari?

Kennsluskipulag (heildartími ca.45 mín)

Nemendur (frá 4. bekk) skoða hvað felst í því að vera ábyrgðarfullur bæði í samskiptum á netinu og í daglegu lífi, og fá þannig tilfinningu fyrir því hvernig er að vera góður stafrænn borgari.

Stafrænn borgari: Stafrænn borgari er sá sem notar upplýsingatækni í samfélaginu, eins og ég og þú, t.d. tölvur, snjallsíma og önnur snjalltæki. Við verðum starfrænir borgarar um leið og við notum tæknina, t.d. með því að senda tölvupóst, setja myndir á netið og taka þátt í samskiptum á netinu.

Nemendur sitja í þremur hringjum, sem líkja eftir hringjum ábyrgðarinnar, með það að leiðarljósi að kanna ábyrgðina sem þeir hafa gagnvart sjálfum sér, vinum og fjölskyldu, og stærri samfélögum, bæði á netinu og í daglegu lífi.

Námsmarkmið

Nemendur eiga að geta:

- Endurspeglað ábyrgð sína þegar þeir eru ekki á netinu
- Kannað ábyrgð sína á netinu
- Lært að góðir stafrænir borgarar eru ábyrgðarfullir og bera virðingu fyrir öðrum á netinu og í hinu daglega lífi

Námsgögn og undirbúningur

- Teikna Ábyrgðarhringina á töfluna
- Útbúðu hringi í skólastofunni, nógu stóra svo nemendur geti setið/staðið inni í. Hægt er að nota stóla til að afmarka hringina, eða ef þú ert úti þá gætirðu krítað á jörðina.
- Ljósritaðu verkefnablaðið **Ábyrgðarhringir**, eitt fyrir hvern nemanda.

Kynning (10 mín)

Bjóða nemendum að safnast saman í kringum þig. Láttu lítinn hlut detta (krónu, litla kúlu o.s.frv) ofan í skál með vatni í og horfið á hvernig hringir myndast í kring.

Spurðu nemendur: Hvað minnir þetta ykkur á?

Svör nemenda gætu verið til dæmis:

- Skotskífu
- Þrjá hringi
- Pílukast spjald o.s.frv.

Útskýrðu að þessir hringir minni þig á Ábyrgðarhringina. Gott að fara yfir það hvað það þýðir að vera ábyrgðarfullur.

Teiknaðu Ábyrgðarhringina á töfluna svo nemendur sjái. Útskýrðu að hringirnir sýni hvernig ábyrgðartilfinning einstaklingsins vex, frá manni sjálfum og út í stærra samfélag. Hver hringur táknar mismunandi hópa eða manneskjur sem við höfum ábyrgðir/skyldur til.

1. Að þekkja skyldur og ábyrgð í hinu daglega samfélagi (15.mín)

Kynntu Ábyrgðarhringina fyrir nemendum

Þú getur gert það með því að segja nemendum að þú ætlir að kanna hvaða skyldum og ábyrgðum þeir gegni dags daglega gagnvart þeim sjálfum, vinum sínum og fjölskyldu og einnig út í samfélagið.

- **Ég:** Innsti hringurinn er sá hringur sem táknar þá ábyrgð sem nemendur gegna gagnvart sjálfum sér, eins og að tryggja öryggi sitt og heilsu, og að passa orðspor sitt.
- **Vinir og fjölskylda:** Hringurinn í miðjunni stendur fyrir skyldum og ábyrgð sem nemendur gegna gagnvart vinum sínum og fjölskyldu, eins og að hjálpa við heimilisstörf, mæta á réttum tíma og jafnvel bara að hlusta á vini og fjölskyldu þegar þau eiga í vanda og þurfa að tala við einhvern.
- **Samfélagið:** Ysti hringurinn táknar ábyrgð og skyldur sem nemendur hafa í stærra samfélagi. Frá því að virða og fara eftir skólareglum yfir í að leika í sátt og samlyndi á skólalóðinni.

Þjóðið nemendum að koma og sitja í mið hringnum sem þú hefur útbúið í skólastofunni.

Bentu á að nemendur standi nú í hringnum sem táknar **þau sjálf**.

Láttu nemendur hugsa um stund og finna a.m.k. eina skyldu/ábyrgð sem þeir hafa gagnvart sjálfum sér.

Nú skaltu bjóða þremur nemendum að standa upp í hringnum og svara eftirfarandi spurningu

Spurðu:

Hvaða skyldum eða ábyrgð hefur þú að gegna gagnvart sjálfum þér?

Dæmi um svör:

- Ég borða hollan mat
- Ég vinn heimavinnuna mína
- Ég burstu tennurnar

Nú skaltu bjóða nemendum að færa sig yfir í hringinn sem táknar vini og fjölskyldu. Athugaðu hvort nemendur geti hugsað í smá stund um einhverjar skyldur eða ábyrgð sem þeir hafa gagnvart nánnum vinum sínum eða fjölskyldu.

Spyrðu:

Hvaða skyldum og ábyrgð hefur þú að gegna gagnvart góðum vinum og fjölskyldunni þinni?

Dæmi um svör:

- Ég passa stundum systkini mín
- Ég aðstoða heima með heimilisverkin.
- Ég mæti á leiki hjá vinum mínum og hvet þá áfram.

Nú skaltu bjóða nemendum að fara í ysta hringinn sem táknar stærra samfélag. Þú skalt biðja nemendur um að hugsa um nokkur dæmi af skyldum og ábyrgð sem þeir hafi gagnvart öðrum, jafnvel þó þeir þekki þá ekki persónulega. Eftir smá stund skaltu ganga um hringinn og spyrja nemendur hvort þeir vilji segja okkur frá einni skyldu/ábyrgð sem þeir hafi út í samfélagið.

Spyrðu:

Hvaða skyldum og ábyrgð hefurðu að gegna í samfélaginu?

Dæmi um svör:

- Ég mæti á æfingar á réttum tíma
- Ég hendi ekki út rusli (úr bílnum t.d.)
- Ég er kurteis við aðra, jafnvel þó ég þekki þá ekki.

2. Að þekkja ábyrgð og skyldur á netinu (15 mín.)

Skilgreindu lykilsetningar og orðtök sem tengjast orðinu stafrænn borgari, meðan nemendur sitja ennþá.

Ræddu við nemendur að sem stafrænir borgara þá hafi þeir skyldur og ábyrgð að gegna gagnavart þeim sjálfum, vinum og fjölskyldu og samfélaginu á netinu.

Útskýrðu fyrir nemendum að nú eigi þeir að standa fyrir utan Ábyrgðarhringina. Þú ætlir að lesa setningar sem tengjast ábyrgð á netinu og nemendur eigi að færa sig hljóðlega inn í þá hringi sem við á hverju sinni, þ.e. sem þeir haldi að eigi við. Til dæmis, ef þú segir; „Ég gef aldrei upp fullt nafn á netinu“, þá ættu nemendur að færa sig í hringinn sem táknar „ÉG“ (af því að fólk á ekki að upplýsa svona einkaupplýsingar á netinu).

Lestu eftirfarandi setningar upphátt, og hinkraðu á milli setninga svo nemendur hafi tækifæri á að færa sig á milli.

Ég sýni öðrum virðingu þegar ég spjalla á netinu	Stærra samfélagið
Ég gef aldrei upp heimilisfang mitt, eða vana minna á netinu	Vinir og fjölskylda
Ég spjalla bara við fólk sem ég þekki úr hinu daglega lífi (e.offline).	Ég
Ég merki ekki vini mína á myndir/myndbönd nema að fá leyfi frá þeim	Vinir og fjölskylda
Ég tek aldrei þátt í einelti á netinu	Stærra samfélagið
Ég hugsa varlega um það hvað ég skuli lesa á netinu og spyr mig hvort þetta sé frá áreiðanlegum heimildum	Ég
Ég fer á síður á netinu sem eru ábyrgar og viðeigandi	Ég
Ég passa mig að vitna rétt í þær upplýsingar sem ég nota af netinu	Stærra samfélagið
Ég gef aldrei upp einkaupplýsingar frá vinum	Vinir og fjölskylda
Ég afrita ekki efni/orð frá einhverjum og segist hafa skrifað það sjálf/ur	Stærra samfélagið
Ég uppnefni ekki aðra á netinu	Stærra samfélagið
Ég passa mig á að hafa jafnvægi á tímanum sem ég eyði á netinu. (ekki of mikill tími)	Ég

Farðu yfir með nemendum að þeir beri sjálfir ábyrgð fyrir sinni hegðun, hvort sem það sé í hinu daglega lífi eða í hinum stafræna heimi (á netinu). Hvettu þá til þess að taka þessum ábyrgðum og skyldum alvarlega, vegna þess að, það að vera ábyrgur er lykilatriði í því að vera góður meðlimur samfélagsins og í því að verða góðir stafrænir borgarar.

Nú skaltu afhenda nemendum verkefnablöðin og biðja nemendur um að vinna þau.

Samantekt (5 mín)

Þú getur notað þessar spurningar til þess að athuga hvort nemendur hafi skilið innihald efnisins. Þú gætir beðið nemendur um að skrifa sín svör með því að nota t.d. dagbók eða skrifa niður í tölvu eða á ípad.

Spurðu:

Hverjir eru þessir þrír
Ábyrgðahringir?

Nefndu eina mikilvæga
skyldu/ábyrgð sem þú
hefur í hinum stafræna
heimi (á netinu)

Svör nemenda verða misjöfn. Þú getur hvatt nemendur til þess að hafa í huga þessa þrjá Ábyrgðahringi, hvernig skyldu/ábyrgð er mismunandi gagnvart þeim sjálfum og á netinu.

Er einhver skylda/ábyrgð
sem þú hefur bæði á netinu
og í hinu daglega lífi?

Svör nemenda verða mismunandi. Sumir gætu minnst á „Gullnu regluna“. „Komdu fram við aðra eins og þú vilt að aðrir komi fram við þig“.